

1164. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. október 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð í fjarveru Árna Leóssonar, fundarritara stjórnar.

Gestir fundarins: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir og Selma Kristjánsdóttir, sérfræðingar VR í starfsmenntamálum.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1163. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1163. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál staðan.

Sólveig L. Snæbjörnsdóttir, fagstjóri starfsmenntamála, kynnti hvaða leið Danir fara í starfsmenntun verslunarfólks. Kynning hennar var á slæðum, „*Kynning á dönsku leiðinni í starfsmenntun verslunarfólks*“.

Í máli hennar kom fram að í kjarasamningi HK er hvatt til þess að skilgreindar verði námsleiðir fyrir starfsfólk í greininni með það fyrir augum að tryggja hæfniaukningu þess. Kjarasamningurinn kveður á um að hver starfsmaður 25 ára og eldri sem hefur 4ra ára starfsaldur innan smásöluverslunar, hafi rétt á 5 vikna leyfi á ári á hverju þriggja ára tímabili til að taka þátt í því námi sem aðilar hafi skilgreint. Viðkomandi einstaklingur þarf að búa yfir reynslu sem samsvarar ¼ af starfsþjálfunarhluta námsins. Námið er háð samþykki fyrirtækisins, einstaklingnum að kostnaðarlausu og er tekjutap hans vegna námsins að auki bætt.

Í kjarasamningum VR er ákvæði um starfsmenntun verslunarfólks sem þarf að skýra betur og skilgreina, einkum nám sem leiða á til launahækkunar.

Umræður.

Að loknum umræðum var Sólveigu og Selmu þakkað fyrir kynninguna og véku þær af fundi.

Undir þessum lið skýrði Ragnar Þór frá því að SA hafi haft samband og óski eftir að ræða mögulegar breytingar á fyrirtækjapætti kjarasamninga. Þá skýrði hann jafnframt frá því að umræður hafi verið á fundi miðstjórnar ASÍ um hvernig beri að fara með tilgreinda séreign í lífeyrissjóð sem samið var um í kjarasamningum 2016. Pattstaða sé í því máli.

Hvað varðar kjarasamninga sagði Ragnar Þór frá því að ASÍ hafi hafið herferð í aðdraganda kosninga, svipað og gert var árið 2016, þar sem áherslur hreyfingarinnar eru kynntar.

Umræður.

Ragnar Þór skýrði einnig frá því að mikið væri leitað til félagsins og sín vegna umræðu um vaxta-, húsnæðis- og skattamál sem félagið hratt af stað, m.a. með umfjöllun um mögulegar breytingar á persónuafslætti, vöxtum og verðtryggingu. Ragnar Þór kvaðst hafa hitt marga forystumenn stjórnmalaflokka og rætt þær hugmyndir sem VR hefur sett fram.

Þá ræddi Ragnar Þór komandi þing LÍV þar sem áherslur í kjarasamningum kröfur og stefna verða mótuð. Kjaramálanefnd félagsins hefur fundað um stöðuna.

Umræður.

3. Tillaga að fulltrúum í uppstillinganefnd.

Skjalið „*Minnisblað um skipun í uppstillinganefnd*“ kynnt þar sem fram kom tillaga um skipun í nefndina en tillagan fer til trúnaðarráðs til afgreiðslu. Tillagan er sem hér segir:

Aðalmenn

Helga Bryndís Jónsdóttir	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður
Magnús Þorsteinsson	Trúnaðarráð
Sigrún Guðmundsdóttir	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður
Stefán Viðar Egilsson	Trúnaðarráð

Vinnustaður

Ferðaskrifstofa Kynnisferða
Íslandsspil sf.
Miklatorg hf.
Byko ehf.

Varamenn

Ágústa Harðardóttir	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður	Johan Rönning hf.
Ingi Guðmundur Ingason	Trúnaðarráð	Efla hf.
Linda Rós Reynisdóttir	Trúnaðarráð	Vátryggingafélag Íslands hf.
Þórður Mar Sigurðsson	Trúnaðarráð	Samskipti ehf.

Umræður.

4. Jólstyrkur stjórnar.

Kynnt skjalið „*Jólstyrkur stjórnar VR 2017*“. Jólstyrk stjórnar VR er varið til hjálparsamtaka sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna fyrir jólin. Tillaga um hækkun styrks úr 4 milljónum í 5 milljónir. Aðrar breytingar fela í sér að styrk sé nú veitt til Suðurlands með stofnun deildar VR á Suðurlandi.

Tillaga að skiptingu styrksins er í samræmi við þá skiptingu sem tíðkast hefur undanfarin ár, Rauði Kross Íslands og Hjálparstarf kirkjunnar fái 2 milljónir hvort og deildir VR á Austurlandi, Suðurlandi, Akranesi og í Vestmannaeyjum fái hver fyrir sig 250.000 kr.

Umræður.

5. Fundur um vexti og verðtryggingu.

Ragnar Þór ræddi um nýlegan fund sem haldinn var að frumkvæði VR og Verkalýðsfélags Akraness í Háskólabíói um vexti og verðtryggingu. Fundurinn hafi verið feikilega góður en mæting á sjálfan fundinn hafi valdið vonbrigðum. Hins vegar hafi verið streymi af fundinum og fylgdust 1.100 manns með honum í beinni útsendingu. Fundurinn fékk mikla og góða umfjöllun í fjölmiðlum í kjölfarið og var einnig vitnað í hann í formannaumræðum stjórnarmálaflokka í sjónvarpi í kjölfarið.

Með fundinum hafi VR og VLFA komið þessu máli á dagskrá í aðdraganda kosninga hjá mörgum stjórnarmálaflokkum. Fundurinn og erindi á honum verða gerð aðgengileg á netinu fljótlega og ljóst að umræðan mun halda áfram.

Kostnaður VR við fundinn var alls um 573 þúsund krónur.

Rætt var um fyrirhugaðan fund eldri borgara um réttindi þeirra og stöðu og lagði Ragnar Þór til að Öldungaráð VR stæði fyrir fundi um áhrif skerðinga á afkomu eldri félagsmanna, stöðu þeirra og kjör. Mikilvægt sé að félagið álykti um þetta málefni. Ragnar Þór óskaði eftir umboði fundarins til að fulltrúar eldri félagsmanna geti hafið undirbúning að fundi um stöðu og kjör eldri félagsmanna.

Samþykkt.

6. Styrkumsóknir.

Lögð fyrir fundinn styrkumsókn frá Birtu, landssamtökum fólks sem hefur misst börn sín. Málinu var vísað til baka til umsóknaraðila þar sem styrkumsóknin hafi verið ófullnægjandi.

Umræður

Hér kom einnig til umræðu styrkur VR vegna ritunar ævisögu Guðmundar H. Garðarssonar, fyrrverandi formanns, en félagið styrkir það verkefni sem nemur kaupum á 70 eintökum bókarinnar.

Undir þessum lið var rætt um farveg styrkumsókna hjá félaginu sem verði tekið upp í komandi stefnumótun.

7. Reglur stjórnar VR um tilnefningu í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Ragnar Þór sagði að ekki væri verið að kalla eftir breytingum á reglum stjórnar VR um tilnefningu í stjórn LV heldur væri mikilvægt að skoða reglurnar með það fyrir augum hvort gera þurfi breytingar.

Hann lagði til skipun vinnuhóps og óskaði eftir tilnefningum. Bjarni Þór Sigurðsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir buðu sig fram. Auk þess var Helga Ingólfssdóttir tilnefnd og mun formaður að auki sitja í hópnum.

Fundi var slitið kl. 20:40.

Steinunn Böðvarsdóttir, fundarritari